



FORNLEIFASKRÁNING VEGNA LAGNINGAR JARÐSTRENGS FRÁ
SPENNISTÖÐ AÐ EFRIBYGGÐAR- OG SKAGAFJARÐARVEGI



Byggðasafn
Skagfirðinga

ÁSTA HERMANNSDÓTTIR, BRYNDÍS ZOËGA OG YLFA LEIFSDÓTTIR
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
2023/263

Höfundar: Ásta Hermannsdóttir, Bryndís Zoëga og Ylfa Leifsdóttir. 2023/263

Mynd á forsíðu: séð heim að Álfagerði. Ljósmynd: Ylfa Leifsdóttir.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2023. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	3
AÐFERÐARFRÆÐI.....	4
SAMANTEKT	5
FORNLEIFASKRÁ.....	9
HEIMILDASKRÁ	14


Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna lagningar jarðstrengs sem fyrirhugað er að leggja í landi Reykjárholts, Brekku, Kirkjuhóls, Víðimýrar, Víðimels, Víðiholts, Víðidals og Álfagerðis í Skagfirði að beiðni Rögnvaldar Guðmundssonar hjá RARIK, en Guðmann Valdimarsson var tengiliður við fornleifadeildina vegna verkefnisins.

Fyrir lá fornleifaskráning frá árinu 2018 á hluta framkvæmdasvæðisins í landi Víðimýrar en óskráð svæði voru gengin og fór vettvangsvinna fram dagana 22. desember 2022 og 6. febrúar 2023. Ylfa Leifsdóttir fornleifafræðinemi og Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur skráðu fornleifar á strengleiðinni og sáu um skýrslugerð ásamt Bryndísi Zoëga, landfræðingi á fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga, sem sá einnig um undirbúningsvinnu.

Heimildamenn og landeigendur fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2884



Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna,: „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jöklí, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...].“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætið fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsfyrvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...].“

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit, auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin, í þessu tilfelli 15 m út frá jarðstrengnum til beggja handa, og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða eins og hægt er, þ.e. híbýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveisittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu vegna rasks í tengslum við lagningu jarðstrengs RARIK, en einnig aðra þekkta hættu ef svo ber undir, s.s. vegna náttúrulegra þátta eða landbúnaðar.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju. Þar sem svæðið hafði að hluta verið skráð á vettvangi árið 2018 var stuðst við uppmælingar og skráningargögn þeirrar skráningar þar sem við átti.

Samantekt

Strengleiðin liggur í gegnum átta jarðir og hafa áður farið fram fjórar fornleifaskráningar á ólíkum hlutum svæðisins: skráning Fornleifarverndar ríkisins á jörðinni Víðimýri (Sólborg Una Pálsdóttir, 2005), skráning Byggðasafns Skagfirðinga vegna lagningar ljósleiðara (Bryndís Zoëga 2018) og skráning Fornleifastofnunar Íslands ses. vegna lagningar Blöndulínu 3 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl., 2021). Var sú síðastnefnda að hluta til endurmat á eldri skráningu frá 2008 (Eva Kristín Dal o.fl., 2008). Öll leiðin var gengin í tengslum við skráninguna 2023, en upplýsingar úr skráningu Byggðasafns Skagfirðinga frá 2018 voru nýttar þar sem við átti.

Svæðið sem skráð var er 30 m breitt belti og alls um 7,5 km langt. Svæðið er er að mestu nýtt fyrir landbúnað og er mikið raskað af seinni tíma framkvæmdum. Sjö minjar voru skráðar innan skráningarsvæðis. Á mynd 1 má sjá yfirlitskort yfir allar skráðar minjar innan skráningarsvæðisins og minjar skráðar í nágrenni þess árið 2018. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir allar skráðar minjar, tegund, hlutverk, fjarlægð frá streng og hættumat. Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir minjar skráðar 2018 sem eru í nágrenni strenglagnarinnar en þó utan skráningarsvæðisins. Flestar eru minjarnar á eða við bæjarstæði. Loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. skv. samningi við Skagafjörð.

Hér verður strengleiðinni lýst og gerð grein fyrir hvað áhrif hún er talin hafa á minjar. Tillaga er gerð að mótvægisadgerðum sé þess þörf en endanleg ákvörðun um mótvægisadgerðir er tekin af minjaverði Norðurlands vestra. Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt. Þess ber að gæta að minjar geta einnig leynt undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. áðurnefnda 24. grein laga um menningarminjar, sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Reykjárhóll

Strengleiðin liggur frá spennistöð til norðausturs, rúmlega 100 m leið, og beygir svo til suðausturs í átt að merkjum við Brekku. Engar minjar voru skráðar í landi Reykjárhóls.

Brekka

Frá merkjum liggur strengleiðin í gegnum skógræktarreit til suðausturs, beygir til norðausturs ofan við bæjarhús Brekku, þaðan niður í átt að þjóðveginum og að útihúsum. Leiðin liggur norðan við útihúsí og að lokum til suðausturs frá bæjarstæði, yfir tún í átt að merkjum við Kirkjuhól. Engar minjar voru skráðar í landi Brekku, en í eldri skráningu eru skráðar minjar á bæjarstæði Brekku sem er skammt sunnan strengleiðarinnar.

Kirkjuhóll

Í landi Kirkjuhóls skiptist strengleiðin: annars vegar liggur hún til norðausturs frá vélaskemmu á Eyri að merkjum við Víðimel og hins vegar til suðurs, austan við veg, að merkjum við Víðimýri. Strengleiðin nær rétt inn á blájaðar jarðarinnar. Engar minjar voru skráðar í landi Kirkjuhóls.

Víðimelur

Í landi Víðimels liggur strengleiðin fyrst til suðausturs að skurði og síðan með honum til austsuðausturs og áfram, eftir að honum sleppir, að merkjum við Álfagerði. Á þýfðri sléttu, sem áður hefur verið myrlendi, í landi Víðimels er hóll sem skráður er sem þúst. Engar heimildir eru um minjar á staðnum en vegna sérstöðu hans í landslaginu er vert að hlífa honum þar sem hann gæti mögulega innihaldið mannvist.

Tillögur að mótvægisáðgerðum: Lagt er til að strengnum verði hnikað norður fyrir hólinn, enda er hann í miðri strenglöginni.

Víðimýri

Í landi Víðimýrar liggur strengleiðin í suðvestur frá merkjum við Kirkjuhól og heim að Víðimýri, þar beygir leiðin til suðurs og austan við fjárhús beygir hún aftur, til suðvesturs, og að merkjum við Víðiholt. Í landi Víðimýrar eru fimm skráðar minjar sem allar eru í hættu vegna strenglagnarinnar. Fjórar eru norðarlega nærrí merkjum við Kirkjuhól og ein við bæjarstæði Víðimýrar.

Tillögur að mótvægisáðgerðum: Lagt er til að strengurinn verði færður til austurs svo ekki sé hætta á að raska þekktum minjum og mögulegum jarðlægum mannvistarleifum á svæðinu.

Víðiholt

Í landi Víðiholts liggur strengleiðin með vegi frá merkjum við Víðimýri og að merkjum við Víðidal. Engar minjar voru skráðar í landi Víðiholts.

Víðidalur

Í landi Víðidals liggur strengleiðin með vegi norðan frá merkjum við Víðiholt, beygir síðan heim að bæ og liggur þaðan austur yfir tún að merkjum við Álftagerði. Heimtaug liggur frá aðallögn og aftur fyrir íbúðarhús. Engar minjar voru skráðar í landi Víðidals.

Álftagerði

Strengleiðin liggur um land Álftagerðis á tveimur stöðum. Annars vegar þar sem hún kemur úr landi Víðmels og liggur þaðan til suðausturs að Skagafjarðarvegi, rúmlega 200 m leið. Hins vegar þar sem lögnin kemur úr vestri úr landi Víðidals og liggur til austurs að bæjarstæði Álftagerðis. Þar beygir lögnin til suðurs og liggur nær alla leið að Efribyggðarvegi. Í jaðri skráningarsvæðisins er bæjarhóll Álftagerðis, suður af núverandi íbúðarhúsi.

Tillögur að mótvægisæðgerðum: Lagt er til að strengnum verði hnikað til austurs, 5-10 m, svo ekki sé hætta á að raska þekktum minjum og mögulegum jarðlægum mannvistarleifum á svæðinu.

Tafla 1. Minjar sem skráðar voru á vettvangi.

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Ástand	Fjarlægð frá streng	Hættumat
2884-1	Víðimýri	Leið	Hleðsla	Vel greinanlegt	Í línu	Mikil hætta
2884-2	Víðimýri	Óþekkt	Steinalögn, hleðsla	Illgreinanlegt	2 m	Mikil hætta
2884-3	Víðimýri	Híbýli	Heimild	Sést ekki	15 m	Engin hætta
2884-4	Víðimýri	Fjárhús, hesthús	Heimild	Sést ekki	15 m	Engin hætta
2884-5	Víðimýri	Óþekkt, virki	Heimild	Sést ekki	15 m	Engin hætta
2884-6	Víðimelur	Óþekkt	Þúst	Greinanlegt	Í línu	Mikil hætta
2884-7	Álftagerði	Híbýli, bæjarhóll	Heimild, bæjarstæði	Greinanlegt	4 m	Hætta

Tafla 2. Minjar sem skráðar voru árið 2018 og eru í námunda við strenglögnina, en þó utan skráningarsvæðisins. Sjá gula punkta á mynd 1.

Jörð	Númer í skýrslu 2018	Tegund	Hlutverk	Fjarlægð frá streng
Brekka	1926-1	Heimild	Híbýli	66 m
Brekka	1926-2	Heimild	Fjós	60 m
Kirkjuhóll	1926-3	Dældir	Útihús	41 m
Víðimýri	1926-8	Heimild	Híbýli	63 m
Víðimýri	1926-9	Heimild	Smiðja	73 m
Víðimýri	1926-10	Mannvistarleifar	Híbýli	35 m


Hættumat

Innan skráningarsvæðisins eru þrennar minjar metnar í mikilli hættu, einar í hættu og þrennar í engri hættu vegna fyrirhugaðrar strenglagnar. Minjar sem metnar eru í mikilli hættu eru allar annað hvort í miðlinu lagnar eða rétt við hana: leið [2884-1] og hleðsla [2884-2] í landi Víðimýrar og þúst í landi Víðimels [2884-6]. Minjar í hættu eru utar á skráningarsvæðinu. Er þar um að ræða bæjarhól Álfتagerðis [2884-7] og er mögulegt að hann nái lengra út en sjáanlegt er á yfirborði, því skal sérstök aðgát höfð þegar farið er framhjá honum. Minjar metnar í engri hættu eru í jaðri skráningarsvæðisins, eða um 15 m frá strenglögninni. Í þeim tilfellum öllum verður að hafa í huga að um jarðlægar minjar er að ræða sem ná líklega lengra út en einn mælingarpunktur gefur til kynna, en þar sem þær sjást ekki á yfirborði er ekki hægt að meta umfang þeirra fyllilega. Því skal aðgát höfð á svæðinu og verði lögnin færð þarf að endurmeta hættuna sem minjunum gæti stafað af framkvæmdinni.

Niðurlag

Sjö minjar voru skráðar á vettvangi og eru þar af þrjár metnar í mikilli hættu, einar í hættu og þrjár í engri hættu vegna strenglagnarinnar. Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Fornleifaskrá



Mynd 1. Yfirlitskort af skráningarsvæði. Kortagerð: Bryndís Zoëga, lofmynd frá Loftmyndum ehf.

Víðimýri

Í landi Víðimýrar voru skráðar fimm minjar á strengleiðinni. Auk þess voru í eldri skráningu Byggðasafnsins skráðar fjórar minjar rétt utan hennar.

Upplýsingar um minjar 2884-1, 2884-2, 2884-3, 2884-4 og 2884-5 eru fengnar úr skráningu Bryndísar Zoëga frá 2018 og eru orðréttar úr þeirri skyrslu (Bryndís Zoëga, 2018). Hættumat er þó endurmetið og ekki það sama og í eldri skráningu.

Víðimýri-2884-1 [Eldra númer: 1926-7]

Sérheiti: Eyri

Hlutverk: Leið

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Mikil hætta vegna strenglagnar

Staðhættir

Meðfram heimreiðinni að Víðimýri, um 230m norðaustur af kirkjunni, er gamall árfarvegur Víðimýrarár og í honum bútur af gömlu póstleiðinni.

Lýsing

Vegurinn er upphlaðinn, tæplega metri á hæð og mest 3-4m á breidd. Hann er grasi gróinn og samkvæmt ábúanda í Víðimýri, Einar Erni Einarssyni (munnl. heimild 30.05.18) er þetta eini hluti póstleiðarinnar/gamla vegarins sem hefur varðveist í landi Víðimýrar. Vegurinn sést svo aftur hinu megin ár, í landi Brekku, en hér er eingöngu skráður sá hluti hans sem lendir innan framkvæmdasvæðis. Í Byggðasögu kemur fram að bílvegurinn hafi síðar verið lagður á sömu slóðum og gamla póstleiðin og er líklegt að vegurinn sem hér er skráður hafi verið bílfær.

Aðrar upplýsingar

Í II. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 443) segir: „Póstleiðin gamla að Víðimýri lá yfir ána um Brekkuland upp svokallaða Kirkjubrekku norðan við Víðimýrará til Vatnskarðs. Fyrsti bílvegurinn var síðar lagður um sömu slóðir.“ Í Fasteignamati Víðimýrar frá 1916 ((227) 0112r) segir: „Jörðin liggur að póstveg, og þar er póstafgreiðsla. Vegur til kauptúns að mestu akfær.“

Víðimýri-2884-2 [Eldra númer: 1926-4]

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinalögn, hleðsla

Hættumat: Mikil hætta vegna strenglagnar

Staðhættir

Á gömlum árbakka Víðimýrarár, í norðvesturhorni heimatúnsins glittir í 3 steina í grassverðinum sem virðist geta verið hleðsla. Steinaröðin er um 330m norðaustur af kirkjunni í Víðimýri.

Lýsing

Steinarnir sem sjást, eru 3 og liggja í suðausturhorni smá bungu sem er um 5-10sm há, hugsanlegar leifar einshvers konar mannvirkis. Í Byggðasögu er getið um hjáleiguna Eyri og síðar útihús [1926-4 og 5], sem voru aðeins örfáum metrum austar í túninu. Finnist þarna byggingar er ekki ólíklegt að þær hafi verið tengdar hjáleigunni eða útihúsunum. Ekki er hægt að útiloka skekkju í túnakorti eða í Byggðasögunni og því getur verið að minjar [1926-6] séu hinar sömu og [1926-4 og 5].

Víðimýri-2884-3 [Eldra númer: 1926-4]

Sérheiti: Eyri

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Norðarlega í gamla Víðimýrartúninu var hjáleiga sem nefnd var Eyri og síðar fjárhús sem kölluð voru Grundar- eða Eyrarhús. Húsin stóðu, að líkindum, um 20-30m austur af heimreiðinni að Víðimýri og rúmlega 330m norðaustur frá Víðimýrarkirkju, þar sem nú er nyrsti hluti heimatúnsins.

Lýsing

Í II. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir að þarna sjáist steinar í jörðu og móta fyrir undirstöðum veggja í túninu. Þarna fannst ekkert við skráningu 2018 en grjót fannst í jörðu um 15m austar. Minjarnar voru hnittsettar eftir lýsingu í Byggðasögu og eftir hnittsettum túnakorti frá 1917 og má gera ráð fyrir allt að 10-15m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í II. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 415) segir: „Eyri ($65^{\circ}32'505/19^{\circ}28/015$) var hjáleiga í norðausturjaðri Víðimýrartúns, drjúgan spöl út og niður frá Víðimýri. Bærinn hefur að öllum líkindum staðið í Víðimýrartúni við árbakkann þar sem gamall farvegur Víðimýrarárinna tekur sveig í austur, rétt sunnan við túnblett þann er fylgir geymsluhúsinu á Eyri og 20-30 metrum Mynd 3. Dældirnar (1926-3) sjást í túninu, nokkurn veginn fyrir miðri mynd. Horft er til norðausturs. 13 austan við veginn. Þar örlar á steinum í jörðu og mótar fyrir undirstöðum veggja í túninu. Grjót er annars hvergi á þessu svæði nema aðflutt.“

Víðimýri-2884-4 [Eldra númer: 1926-5]

Sérheiti: Grundarhús, Eyrarhús

Hlutverk: Fjárhús, hesthús

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Norðarlega í gamla Víðimýrartúninu var hjáleiga sem nefnd var Eyri og síðar fjárhús sem kölluð voru Grundar- eða Eyrarhús. Húsin stóðu, að líkindum, um 20-30m austur af heimreiðinni að Víðimýri og rúmlega 330m norðaustur frá Víðimýrarkirkju, þar sem nú er nyrsti hluti heimatúnsins í Víðimýri.

Lýsing

Í II. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir að þarna sjáist steinar í jörðu og móta fyrir undirstöðum veggja í túninu. Þarna fannst ekkert við skráningu 2018 en grjót fannst í jörðu um 15m austar. Minjarnar voru hnittsettar eftir lýsingu í Byggðasögu og eftir hnittsettu túnakorti frá 1917 og má gera ráð fyrir allt að 10-15m skekkju. Í Byggðasögu segir að Grundarhúsin hafi verið fjárhús en í örnefnaskrá segir hesthús. Vera má að báðir heimildir hafi rétt fyrir sér og þarna hafi verið fjárhús sem síðar var notað sem hesthús.

Aðrar upplýsingar

Í II. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 415) segir: „Á fyrri hluta 20. aldar var fjárhús út og niður á túninu í Víðimýri þar sem bærinn Eyri hafði verið. Snjóaveturinn mikla 1920 var byggður snjóveggur meðfram endilöngum veggnum og hlöðustafninn að norðan. Reft var yfir upp á vegginn og klætt með smáfjöldum og pabba en þakið yfir með snjó. Þarna myndaðist eins og ein kró meðfram húsveggnum og í henni voru hyst 24 hross, útigangshross á Víðimýri sem annars var ekkert hús fyrir.“ Í örnefnaskrá Víðimýrar sem Margeir Jónsson skráði segir (bls. 2): „Yzt og neðst á Víðimýrartúni var eyðikot, sem hét Eyri ... Nú er hesthús þar, sem kot þetta var.“

Víðimýri-2884-5 [Eldra númer: 1926-11]

Hlutverk: Óþekkt, virki

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Nákvæm staðsetning minjanna er ekki þekkt en miðað við lýsingu Daniel Bruun fá 1896 gæti „virkið“ hafa staðið þar sem nú er tún, um 20-40m austur af kirkjugarðinum.

Lýsing

Það sér ekki lengur móta fyrir „virkinu“ eða „kastalanum“ í túninu og nákvæm staðsetning þess er ekki þekkt. Í lýsingu Daniel Bruun frá 1896 segir að það hafi verið 70 álnir austur frá kirkjugarðinum. Sé miðað við danska alin (62,77cm) sem þá var lögáln á landinu gerir það

tæplega 44m. Kirkjugarðurinn hefur síðar verið lengdur til austurs. Byggingin sést á ljósmynd Páls Jónssonar (sjá mynd nr. 2) frá fjórða áratug 20. aldar.

Aðrar upplýsingar

Lýsing Daniel Bruun frá 1896 (bls. 190): „Virkið á Víðimýri er í túninu um 70 álnir austur frá kirkjugarðinum. Það er ferhyrnd, lág bunga, 12-15 álnir á hlið. Það er kallað „Kastali“ sem er einkennandi fyrir notkun þess, en líkist nú mest húsarúst.“ „Kastala“ er getið í Sturlungu og hefur hann líklega verið byggður snemma á 13. öld (Sólborg Una Pálsdóttir, 11).

Víðimelur

Í landi Víðimels var ein þúst skráð á strengleiðinni.

Víðimelur-2884-6

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Hættumat: Mikil hætta vegna strenglagnar. Hætta vegna uppblásturs.

Staðhættir

Um 180 m suður af þjóðveginum, í þýfðum haga, sem áður hefur verið mýrlendi, stendur áberandi þúst.

Lýsing

Þústin er um 20 m í þvermál N-S og 18 m í þvermál A-V. Ekki er hægt að greina ummerki um byggingar í þústinni.

Hún er mjög áberandi í landslaginu og sker sig úr flatlendinu í kring, rúmlega 1 m há þar sem hún er hæst og öll stórpýfð eins og umhverfið. Þústin er sinuvaxin og grjót vart greinanlegt í henni.



Mynd 2. Þúst í landi Víðimels. Horft til norðvesturs. Ljósm.: Ásta Hermannsdóttir.

Álftagerði

Í landi Álftagerðis var skráður bæjarhóll skammt vestur af strenglögninni.

Álftagerði -2884-7

Sérheiti: Álftagerði

Hlutverk: Híbýli,
bæjarhóll

Tegund: Heimild,
bæjarstæði

Hættumat: Hætta vegna
strenglagnar

Staðhættir

Gamli bærinn í Álftagerði stóð rétt um 20m SSA af núverandi íbúðarhúsi. Þar er nú óræktarblettur með grjóti sem aldrei hefur verið hreinsaður.

Lýsing

Búið var í bænum til 1955 en þá var flutt í nýbyggt íbúðarhús sem var norðvestan við bæinn. Bærinn stóð nokkuð lengi eftir að flutt var úr honum

og var hann meðal annars notaður fyrir skepnur (Munnleg heimild: Pétur Pétursson, 13.02.2023). Bæjarhóllinn er um 40x45m að utanmáli og var hann mældur upp af loftmynd þar sem útmörk hans sjást greinilega.

Þórar upplýsingar

Bærinn sneri framhlið til austurs. Nyrst í samstæðunni var fjósið og fjóshlaðan, þar sunnan við hlóðaeldhús og sunnan þess voru: Maskínuhús, Kompan þar sem foreldrar heimildamanns sváfu, jafnan með einhver börn, Suðurhús og baðstofa vestast. Tröppur voru upp í búr sem var með kjallara og í honum var geymdur súrmatur. Í seinni tið var steypt súrheysgryfja við fjóshlöðuna og var op á milli þannig að hægt var að sækja heyið í gryfjuna. Í fjósi var einföld básaröð og aftan við hana fóðurgangur (Munnleg heimild: Pétur Pétursson, 13.02.2023).



Mynd 3. Bæjarhóll Álftagerðis innan rauða hringsins. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Heimildaskrá

Bryndís Zoëga. 2018. *Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara frá Víðimel að Víðidal og á Efribyggð í Lýtingsstaðahreppi.* Rannsóknaskýrslur 2018/198. Glaumbær: Byggðasafn Skagfirðinga.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Gylfi Helgason, Kristborg Þórssdóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Sigrún Drífa Þorfi nnsdóttir, Sædís Gunnarsdóttir og Sölvi Björn Sigurðsson. 2021. *Blöndulína 3: Fornleifaskráning vegna úttektar á línukostum.* Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri.). FS818-20282. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Eva Kristín Dal, Kristborg Þórssdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2008. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Blöndulínu milli Blöndustöðvar og Akureyrar.* Eva Kristín Dal (ritstj.). FS401-08141. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Hjalti Pálsson, Kári Gunnarsson og Egill Bjarnason. 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar. II, Staðarhreppur - Seyluhreppur.* Sauðárkrúkur: Sögufélag Skagfirðinga.

Jarðavefur Þjóðskjalsafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918-undirmat; Skagafjarðarsýsla, bls. (227) 0112r. Aðgengilegt á <https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Fasteignamat%201916-1918%20-%20undirmat;Skagafjar%C3%B3ars%C3%BDsla/>

Sólborg Una Pálsdóttir. 2005. *Víðimýri í Skagfirði. Fornleifaskráning.* Rit Fornleifaverndar ríkisins 2005:1. Reykjavík: Fornleifavernd ríkisins.

Örnefnaskrá Álfagerði. Sótt af <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/38273>

Örnefnaskrá Brekka. Sótt af <https://xn--nafni-mta.is/baer/812>

Örnefnaskrá Víðimýri. Sótt af <https://xn--nafni-mta.is/baer/6581>

Óutgefnar heimildir

Túnakort, Víðimýri. Sótt af:

<http://testbirting.manntal.is/default.aspx?leit=VsOtw7BpbC09cmkgU2V5bHVocmVwchVYIFNrYWdhZmphcsOwYXJzw71zbGE=>

Heimildamenn

Gísli Pétursson, Álfagerði, 22.12.2022.

Magnús Ingi Óskarsson, Brekku, 20.02.2023.

Ómar Feykir Sveinsson, Víðimel, 25.01.2023.

Pétur Stefánsson, Víðidal, 25.01.2023.

Pétur Pétursson, Álfagerði, 13.02.2023.

Sigurlaug Markúsdóttir, Reykjarhóli, 10.01.2023.

Fylgiskjal

Jörð	minj_id	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	x	y
Víðimýri	2884-1		leið	hleðsla	1000	1960	vel greinanleg	mikil hætta	478397	560430
Víðimýri	2884-2		óþekkt	steinalögn, hleðsla	800	1900	illgreinanleg	mikil hætta	478407	560450
Víðimýri	2884-3	Grundarhús, Eyrarhús	fjárhús, hesthús	heimild	900	1950	sést ekki	engin hætta	478421	560448
Víðimýri	2884-4	Eyri	híbýli	heimild	1753	1866	sést ekki	engin hætta	478421	560451
Víðimýri	2884-5		óþekkt, virki	heimild	1200	1950	sést ekki	engin hætta	478317	560163
Víðimelur	2884-6		óþekkt	búst	1000	1940	illgreinanleg	mikil hætta	478840	560619
Álftagerði	2884-7	Álftagerði	híbýli, bæjarhóll	heimild	1000	1954	sést ekki	hætta	479343	559779